

Alþingi
Erindi nr. P 143/186
komudagur 11.11.2013

Alþingi, nefndarsvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. nóvember 2013

Efni: Umsögn við tillögu til þingsályktunar um fríverslunarsamning milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Alþýðulýðveldisins Kína - mál nr. 73.

Undirrituðum hefur borist til umsagnar tiltekin þingsályktunartillaga, sbr. tölvupóst dags. 21. okt. s.l. frá nefndasviði Alþingis.

Undirritaður hefur beitt sér fyrir því að Ísland leiðrétti hin ýmsu mannréttindabrot. Sem sonur Sævars. M. Ciesielski hefur undirritaður ákveðna reynslu og skilning á mikilvægi mannréttindahugsjónarinnar sem auk náms í lögfræði og heimspeki hefur mótað þá sýn undirritaðs að ævinlega verði að standa vörð um grundvallar mannhelgi. Þá hefur undirritaður ásamt móður sinni, Þórdísi Hauksdóttur, iðkað Falun Gong æfingar og þá siðferðislegu hugsjón sem grundvallast á gildunum sannleik, samkennd og þolgæði. Sú iðkun hefur kennt undirrituðum að líta inn á við og sjá þar hluti sem má bæta í stað þess að einblína á flísina í auga nágrannans.

Í ákveðnum tilfellum er þó nauðsynlegt, þrátt fyrir eigin ófullkomleika, að benda á hvað má betur fara hjá öðrum. Þá ber að skoða hvort athugasemdir séu gerðar við flísar í augum annarra vegna ókurteisi eða að þeir séu öðruvísi; eða; hvort verja þurfi þá sem minna mega sín gagnvart ofbeldi nágrannans. Slíkt er iðulega háð huglægu mati að einhverju leiti, en á endanum þurfa allir (einstaklingar, hópar og yfirvöld) að velja sér viðmið og mælikvarða. Undirritaður mun rekja þau mannréttindabrot kínastjórnar sem undirritaður hefur mikla þekkingu á og sem ógerlegt er að líta fram hjá, voðaverkum þar í landi, sem framin eru með vitneskju og í mörgum tilfellum skipulagningu ýmissa háttsettra sambættismanna í Alþýðulýðveldisins Kína.

Undirritaður vill taka fram merkingarleysi þess að benda á aðrar þjóðir í þessu sambandi. Þá hefur enga þýðingu í þessu samhengi hvort nágrannaþjóðir eða aðrar þjóðir gerist sekar um sambærilega eða svipaða hluti. Krafa um að nauðsynlegt sé að fordæma á sama hátt sambærilega gerendur voðaverka er krafa sem ótækt er að framfylgja í öllum tilfellum og gerir nær ómögulegt að verja þolendur í einstökum málum. Jafnræði er mikilvægt gildi, en

má ekki fara út í öfgar og missa marks þannig að ekki sé hægt að fordæma geranda X á þeirri forsendu að gerandi Y sé jafn slæmur. Utan þess að þeirri kröfu er nær ómögulegt að fylgja í reynd gagnast hún aðeins gerendum voðaverka, ekki þolendum þeirra.

Í umögn þessari mun undirritaður fjalla um eðli mannréttindamála og stöðu þeirra í Alþýðulýðveldinu Kína með stuðningi margvíslegra heimilda en staða mannréttindamála í Alþýðulýðveldinu er grundvallar forsenda í rökstuðningi undirritaðs um breytingu á frumvarpinu. Flestir þeirra sem sæta ofsóknum í Alþýðulýðveldinu Kína eru Falun Gong iðkendur og því eðlilegt að rekja ítarlega viðurkenndar staðreyndir um ofsóknir á hendur þeim hópi.

Umsögn undirritaðs felur í sér eftirfarandi breytingartillögur (ef vilji er fyrir samþykkt þessa frumvarps):

- a. Kafla um mannréttindamál, þar sem afstaða Íslands er skýrð.
- b. Tillögu um bann við kaupum á líffærum úr fólki frá Kína.
- og c. Tillögu að breytingu á 59. gr. um þagnarskyldu.

Staða mannréttindamála Falun Gong iðkenda í Kína

Samkvæmt rannsókn sem gerð var á vegum Sameinuðu Þjóðanna árið 2006 (*Report of the Special Rapporteur on torture and other cruel, inhuman or degrading treatment or punishment: MISSION TO CHINA*) eru tveir þriðju þeirra sem sæta ofsóknum af hálfu kínastjórnar Falun Gong iðkendur.¹

Árið 1999 sögðu fjölmiðlar frá því að Falun Gong væri sú iðkun sem nyti mestra vinsældra í Alþýðulýðveldinu Kína og fjölgun iðkenda einsdæmi þar í landi eða jafnvel í mannkynssögunni. Aðeins 7 árum eftir að iðkunin var kynnt, árið 1992, var talið að 70-100 milljónir legðu stund á hana í landinu.²

Ofsóknir stjórnar Alþýðulýðveldisins Kína á hendur Falun Gong iðkendum hófust með

¹Manfred Nowak (2006). "Report of the Special Rapporteur on torture and other cruel, inhuman or degrading treatment or punishment: MISSION TO CHINA". United Nations. bls. 13
<http://daccess-dds-ny.un.org/doc/UNDOC/GEN/G06/117/50/PDF/G0611750.pdf?OpenElement> sjá töflu 1 á bls. 13.

²Kilgour, David. Fengið af: http://www.david-kilgour.com/2010/Oct_21_2010_01.php

fullum þunga sama ár, 1999.³ Ástæðan var fyrst og fremst ótti stjórnarinnar vegna gríðarlegs fjölda iðkenda, en fram að því hafði Falun Gong verið í hávegum haft í Kína, fengið fjölda verðlauna og viðurkenningar, meðal annars af hálfu kínverskra embættismanna við hátíðleg tækifæri. Staðhæft var opinberlega sama ár og ofsóknirnar hófust að Falun Gong iðkunin hefði jákvæð áhrif á heilsu og samfélag.⁴

Á undanförunum áratug hafa skýrslur og yfirlýsingar fjölmargra stofnana, mannréttindasamtaka, óháðra mannréttindalögfræðinga og ríkisstjórna víða um heim vakið athygli á þeirri staðreynd að löghlýðið fólk sem iðkar Falun Gong í Kína hefur tugþúsundum saman verið fangelsað, sett í þrælkunarbúðir án dóms og laga og margir pyntaðir til dauða. Sameinuðu þjóðirnar,⁵ Evrópusambandið,⁶ fulltrúaping Bandaríkjanna,⁷ Amnesty International,⁸ Human Rights Watch⁹ og fleiri hafa án afláts fordæmt aðför stjórnar Alþýðulýðveldisins Kína gagnvart Falun Gong iðkendum í þar í landi.

Ofsóknirnar eru enn við líði, en þær fela meðal annars í sér kerfisbundna áróðursherferð til að rægia iðkunina, frelsissviptingu, þrælkunar- og pyntingabúðir, kynferðisglæpi, líffærastuldi og morð.¹⁰

Staðfestar tölur (sem eru ályktaðar mun lægri en raunverulegar tölur) sýna að mörg þúsund hafa látið lífið vegna pyntinga eða við það að líffæri eru fjarlægð úr líkama þeirra sem eru síðar seld.

Síðastnefnda staðhæfingin byggir á rannsókn kanadískra mannréttindalögfræðinga David Matas og David Kilgour, (einnig fyrrum þingmaður í Kanada), sem voru meðal tilnefndra til friðarverðlauna Nóbels 2010 fyrir ítarlega rannsókn þeirra á líffærastuldi kínastjórnar úr

³Leung, Beatrice „China and Falun Gong: Party and society relations in the modern era“, Journal of Contemporary China, bls. 761 - 784

⁴ Perry, Benjamin, Canberra, 2001, „The Past, Present and Future of Falun Gong, A lecture by Harold White Fellow, Benjamin Penny, at the National Library of Australia“
<http://www.nla.gov.au/grants/haroldwhite/papers/bpenny.html>

⁵ Nowak, Manfred; United Nations, „Report of the Special Rapporteur on torture and other cruel, inhuman or degrading treatment or punishment: Mission to China,“
<http://www.cecc.gov/pages/annualRpt/annualRpt06/Religion.php>

⁶ Edward McMillan-Scott, (Vice President, European Parliament). „EU-China summit 2010: MEP calls for positive policies for the people of China.“

⁷ House Resolution 605: „Recognizing the continued persecution of Falun Gong practitioners in China...“ <http://www.govtrack.us/congress/bill.xpd?bill=hr111-605>

⁸ Amnesty International, „China: The crackdown on Falun Gong and other so-called “heretical organizations”“ <http://www.amnesty.org/en/library/info/ASA17/011/2000>

⁹ Human Rights Watch „China: Repression Against Falungong Unabated“
<http://www.hrw.org/en/news/2002/02/06/china-repression-against-falungong-unabated>

¹⁰ Falun Dafa information center, „Mechanics of Persecution“ . Fengið af:
<http://faluninfo.net/topic/7/>

lifandi Falun Gong iðkendum í Kína.¹¹ Rannsókn þeirra, *Matas-Kilgour report*, verður gerð sérstök skil í kaflanum „Sérstakt ákvæði um bann við kaupum á líffærum úr fólki frá Kína”.

Varaforseti evrópska þingsins, Edward McMillan-Scott segir í beiðni sinni um rannsókn á ofsóknum á hendur Falun Gong iðkendum í opnu bréfi þann 25. apríl 2009 til aðalritara Sameinuðu Þjóðanna að ofsóknirnar séu: „Kerfisbundnustu ofsóknir á hendur einum hópi fólks frá því ofsóknir Nasista á hendur gyðingum fóru fram”¹²

Fjölmörg dómsmál á hendur Jiang Zemin, fyrrverandi einræðisherra Kína, eru í ferli og hafa tveir dómsstólar (í Argentínu og á Spáni) nú þegar dæmt hann, ásamt öðrum fyrrverandi háttsettum embættismönnum í Kína, til þess að þurfa svara til saka fyrir glæpi gegn mannkyni og þjóðarmorð á Falun Gong iðkendum í Kína. Úrskurðurinn í Argentínu, sem féll í desember árið 2009 byggir á sjálfstæðri rannsókn Argentínska dómskerfisins:

„after four years of arduous investigation, Judge de Lamadrid ordered the indictments of, and issued arrest warrants for Jiang Zemin and Luo Gan, former leader and former Secretary of the Political and Legal Affairs of the Central Committee of the CCP respectively.”¹³

Báðir þessir menn, Jiang Zemin og Luo Gan, hafa dvalið á Íslandi í opinberri heimsókn. Spænski dómurinn sem féll í nóvember 2009 byggir á 2ja ára rannsókn á glæpum Jiang Zemin og stjórnar Alþýðulýveldisins Kína:

„In a groundbreaking case, following a two-year investigation, a Spanish judge has accepted charges of genocide and torture in a case filed against five high-ranking CCP [kínverska kommúnista flokks] officials for their role in the persecution of Falun Gong.”¹⁴

Pyndingaaðferðunum á hendur Falun Gong iðkendum eru gerð greinargóð skil í Viðauka III sem fylgir með þessari umsögn.

Skýr og afdráttarlaus mannréttindakafli í þingsályktuninni

Árið 2006 samþykkti Evrópuþingið þingsályktun (2005/2161 (INI) sem varðar samband

¹¹ Santin, Aldo; „Crusader up for Nobel Prize - Lawyer lauded for investigating abuses in China “. Fengið af: <http://www.winnipegfreepress.com/local/crusader-up-for-nobel-prize-84838397.html>

¹² „Open Letter From European Parliament Vice President Edward McMillan-Scott “. Fengið af: <http://www.theepochtimes.com/n2/content/view/16041/>

¹³ Lin, Lin; „Argentina Lawyer Speaks on Falun Gong Genocide Decision “. Fengið af: <http://www.theepochtimes.com/n2/content/view/27000/>

¹⁴ Cuthbertson, Charlotte; „ Spanish Judge Calls Top Chinese Officials to Account for Genocide “. Fengið af: <http://www.theepochtimes.com/n2/content/view/25211/>

Evrópu og Kína, í henni m.a. segir:

„66. Strongly condemns the detention and torture of Falun Gong practitioners in prisons, "Re-education through Labour" camps, psychiatric hospitals and "legal education schools"; is concerned about reports that organs of detained Falun Gong practitioners have been removed and sold to hospitals; urges the Chinese Government to end the detention and torture of Falun Gong practitioners and to release them immediately;“¹⁵

Í nýtilkominni ályktun Evrópuþingsins sem bíður afgreiðslu þingsins segir:

- „3. Calls for a full and transparent investigation by the European Union into organ transplant practices in the People’s Republic of China, and for the prosecution of those found to have engaged in such unethical practices,
4. Demands an immediate end to the 14-year persecution of the Falun Gong spiritual practice by the Communist Party of China, and the immediate release of all Falun Gong practitioners and other prisoners of conscience,
5. Recommends that the European Union issue a travel warning for European citizens traveling to China for organ transplants informing them that the organ source for their operation may be a prisoner of conscience,
6. Recommends that the European Union publicly condemn organ transplantation abuses in China and ban the entry of those who have participated in illegal removal of human tissues and organs, prosecuting such individuals should they be found on EU territory”

Þá hefur fulltrúaðing Bandaríkjanna margsinnis samþykkt þingsályktunartillögur sem taka undir málstað Falun Gong iðkenda og fordæma ofsóknir á hendur þeim í Kína. M.a. árið 2010:

„Recognizing the continued persecution of Falun Gong practitioners in China on the 11th anniversary of the Chinese Communist Party campaign to suppress the Falun Gong spiritual movement and calling for an immediate end to the campaign to persecute, intimidate, imprison, and torture Falun Gong practitioners.“¹⁶

Undirritaður styður ekki fríverslunarsamning Íslands og Kína. Ef vilji Alþingis er til þess að

¹⁵European Parliament resolution on EU-China Relations (2005/2161(INI)) Sjá lið 66: <http://www.europarl.europa.eu/sides/getDoc.do?type=TA&reference=P6-TA-2006-0346&language=EN&ring=A6-2006-0257>

¹⁶<https://www.govtrack.us/congress/bills/111/hres605#overview>

samþykkja slíkan fríverslunarsamning við Kína, þá telur undirritaður eðlilegt; í ljósi mannréttindabrota stjórnar Alþýðulýðveldisins Kína á hendur saklausu fólki þar í landi að við fríverslunarsamning Íslands og Alþýðulýðveldisins Kína verði sérstakur kafli sem varði mannréttindamál þar í landi. Í þeim kafla skuli fordæma mannréttindabrot stjórnar Alþýðulýðveldisins Kína á hendur Falun Gong iðkendum, Uighurum, Tíbetum, mannréttinda lögmönnum o.fl. og nefna þau mannréttindabrot á blaði. Þá sé það skilningur okkar landsmanna á mannréttindahugtakinu að janvel þótt tiltekið ríki sé ekki í flokki lýðræðsiríkja heimsins teljist það hvorki ástæða né afsökun fyrir hrottalegum mannréttindabrotum heldur beri stjórnvöldum allra ríkja að virða grundvallar mannréttindi fólks, þ.m.t. að fólk sæti ekki ofsóknum og pyndingum vegna lífskoðana, trúar eða þjóðernis:

Samþykkt fríverslunarsamningsins ber ekki að skilja sem samþykki íslensku þjóðarinnar á neinum mannréttindabrotum sem framin eru í Alþýðulýðveldinu Kína.

Alþingi fordæmir mannréttindabrot stjórnar Alþýðulýðveldisins Kína m.a. á hendur borgurum sem þurfa að sæta pyndingum vegna lífskoðana, trúar eða þjóðernis. Þar á meðal ofsóknir á hendur Falun Gong iðkendum og Tíbetum.

Alþingi hvetur stjórn Alþýðulýðveldisins Kína og embættismenn alla þar í landi til að verja borgara sína gegn pyndingum, þrælkun og svokallaðri „endurmenntun“ í fangabúðum, líffærastuldum, og öðrum brotum sem geta aldrei samræmst virðingu fyrir mannhelgi, heilbrigðri samkennd manna á milli eða sammannlegum grundvallar siðferðisgildum.

Alþingi hvetur þá embættismenn Alþýðulýðveldisins Kína sem hafa vitneskju um mannréttindabrot, eins og pyndingar á hendur Falun Gong iðkendum, Tíbetum, mannréttinda lögmönnum eða öðrum hópum og einstaklingum, að upplýsa umheiminn um þá embættismenn sem tengjast þeim brotum og gera allt sem í þeirra valdi stendur til að sækja til saka gegnum viðeigandi ferla þá gerendur ofsókna og annarra mannréttindabrota.

Alþingi hvetur þá embættismenn Alþýðulýðveldisins Kína sem stunda slík mannréttindabrot sbr. 3. og 4. mgr. hér fyrir ofan að hætta slíkum aðgerðum nú þegar og upplýsa umheiminn um þær skipanir sem þeir hafa fengið um að fremja brotin og frá hverjum þær skipanir komu.

Alþingi styður mannréttindabaráttu þeirra hópa og einstaklinga sem njóta ekki grundvallar mannréttinda í Alþýðulýðveldinu Kína. Má þar helst nefna Falun Gong iðkendur, Tíbeta, Uighurar og mannréttinda lögmenn.

Sérstakt ákvæði um bann við kaupum á líffærum úr fólki frá Kína

Það vakti athygli undirritaðs að í viðauka IV með fríverslunarsamningi Íslands og Alþýðulýðveldisins Kína varðandi upprunavottorð ýmissa vara og afurða er í einum lið skilgreindur flokkur sem m.a. telur til „líffærafræðilegrar [vöru eða afurðar]“ (e. anatomical). Það hugtak er ekki sérstaklega skilgreint fyrir dýr en í flokki 9705 segir: „Dýrafræðileg, grasafraeðileg, bergfraeðileg, líffærafræðileg, ...“¹⁷¹⁸

Til að taka af allan vafa og til að skýra afstöðu Íslands til mannréttindabrota stjórnar Alþýðulýðveldisins Kína leggur undirritaður til að með þessum samningi fylgi bann sem verði lagt við kaupum á líffærum úr fólki frá Kína. Jafnvel þó einhverjir varnaglar kunni að vera í íslenskri löggjöf um líffæragjafir er algjör nauðsyn að leggja áherslu á alvarlega stöðu þessara mála í Kína (sbr. rök þess efnis í þessum kafla). Þá ber einnig að nefna að frumvarp liggur fyrir Alþingi um breytingu á lögum um brottmál líffæra, nr. 16/1991:

„Heimilt er að nema brott líffæri eða lífræn efni úr líkama látinna einstaklinga. Samþykki einstaklingur ekki að líffæri eða vefir úr líkama hans verði numin brott að honum látnum, til nota við læknismeðferð annars einstaklings, skal hann koma þeirri afstöðu sinni á framfæri við nánasta aðstandanda eða skrá á annan hátt sem tryggt þykir að muni koma fram við andlát hans.“¹⁹

Vegna möguleikans á nánari samvinnu Íslands við Alþýðulýðveldið sbr. fríverslunarsamninginn og í ljósi ákalls alþjóðasamfélagsins á rannsókn á líffærastuldum í Kína (Sbr. m.a. Doctors Against Forced Organ Harvesting, yfirlýsingu Desmond Tutu, þingsályktun Evrópuþings og fulltrúaþings BNA), stöðu líffæragjafamála í Alþýðulýðveldinu Kína að öðru leiti og ástundun dauðarefsinga í Alþýðulýðveldinu, er gríðarlega mikilvægt að tekið verði á þessu álitaefni með skýrum hætti í íslenskri löggjöf.

Í kjölfar *Matas-Kilgour report*, sem rakin verður sérstaklega hér fyrir neðan, hefur Evrópuþingið brugðist við með margvíslegum hætti og hefur margsinnis fengið á sinn fund David Matas og David Kilgour til að svara spurningum þingmanna. Eins og fyrr var getið nefnir Evrópuþingið í þingsályktun frá árinu 2006 sérstaklega: „[Evrópuþingið] is concerned about reports that organs of detained Falun Gong practitioners have been removed and sold to hospitals“²⁰

¹⁷Sjá yfirskrift 9705 í Kafla 97:

http://www.utanrikisraduneyti.is/media/Andlitsmyndir/Annex_IV_final_IS.pdf

¹⁸Á ensku, heading 9705, chapter 97: <http://www.mfa.is/media/fta-kina/Vidauki-IV---Upprunareglur-um-framleidsluvorum.pdf>

¹⁹<http://www.althingi.is/altext/143/s/0034.html>

²⁰Sjá lið 66: <http://www.europarl.europa.eu/sides/getDoc.do?type=TA&reference=P6-TA-2006-0346&language=EN&ring=A6-2006-0257>

Þá hafa *Special Rapporteur on torture* og *Special Rapporteur on religious freedom* frá SP sameiginlega sent fyrirspurnir til kínverskra yfirvalda í ágúst árið 2006 og árið 2008 til að gefa yfirvöldum þar í landi færi á að útskýra hvernig standi á aukningu á sölu líffæra og hvaðan líffærin komi en bein fylgni er milli hinnar gríðarmiklu aukningar á framboði og sölu á líffærum í Alþýðulýðveldinu og upphafi ofsókna á hendur Falun Gong iðkendum þar í landi. Ekkert svar hefur borist frá kínverskum yfirvöldum.

Mörg lönd hafa gripið til lagasetningar varðandi svonefnda líffærastuldi (e. Organ Harvesting) í Kína. Má helst nefna Spán, Ísreal, Taívan og Ástralíu.²¹ Sjá nánar í viðauka II. Þá má einnig nefna að alþjóðlegu læknasamtökin (e. World Medical Association) hafa nýlega bætt við klausu í skilmálum sínum sem kveður á um að líffæragjafir frá föngum séu ekki réttlætanlegar (e. acceptable) í löndum þar sem dauðarefsingar eru stundaðar.²²

Þá má einnig nefna áskorun DAFOH (e. Doctors Against Forced Organ Harvesting), alþjóðlegra samtaka lækna, en hálf milljón manna hefur þegar skrifað undir áskorunina²³ þ.á.m. alþingismenn frá Íslandi, borgarfulltrúar og borgarstjóri Reyjavíkur. Yfirlýsing Desmond Tutu og Chen Guangchenh á þessu ári sem ber heitið: A Year for Human Rights in China²⁴ tekur undir þessi sjónarmið.

Matas-Kilgour rannsóknin

Fyrirnefnd rannsókn David Kilgour og David Matas²⁵ nefnist *Kilgour-Matas report*, stundum kölluð *Bloody Harvest*.²⁶

²¹ Sjá í Viðauka I, samantekt á ensku um alþjóðleg viðrögð við líffærastuldi (Organ Harvesting) í Kína. „Summary of International Responses to Organ Harvesting in China”

²²<http://www.wma.net/en/30publications/10policies/o3/>

²³<http://www.shric.org/blog/2013/10/23/dafoh-announcement-half-a-million-signers-support-global-petition-to-the-united-nations/>

²⁴ „Uncounted numbers of prisoners, credibly believed to be in the tens of thousands, have been executed and their organs harvested for sale – a practice so despicable it is nearly beyond our comprehension. [...] that the dream of China can be realized only when its citizens’ universal human rights and dignity are upheld and respected. And that the laogai system and the brutal repression of freedom of thought, conscience and speech, the most basic of human rights, will remain a festering sore on the China dream until it is addressed and removed.” – Desmond Tutu and Chen Guangcheng: A Year for Human Rights in China

²⁵ <http://web.archive.org/web/20070927225011/http://www.cjlsa.ca/cdavid.html>

²⁶ <http://organharvestinvestigation.net/>

David Matas er mannréttindalögmaður sem útskrifaðist frá Oxford. Hann hefur starfað á ýmsum vettvangi fyrir samtök, setið sem meðlimur sendinefndar Kanada hjá allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna, kennt lögfræði í háskólum og fengið tilnefningu til friðarverðlauna Nóbels²⁷ ásamt David Kilgour fyrir fyrrnefnda skýrslu árið 2011.²⁸ David Kilgour er lögmaður sem starfaði lengi vel sem þingmaður kanadíska þingsins, gengdi stöðu *Secretary for state* frá árinu 1997 til 2003 og hefur verið mjög opinskár í afstöðu sinni sem baráttumaður mannréttindamála.²⁹ T.a.m. gagnrýndi hann harðlega sem *Secretary of State* „farm-invesion policy“ Mugabe í Zimbabwee árið 2001.

Niðurstaða rannsóknar þeirra er að meginþorri þeirra líffæra sem seld eru opinberlega í Kína komi úr Falun Gong iðkendum og öðrum samviskuföngum án samþykkis þeirra. Þá eru þær aðgerðir sem taka líffærin úr fólki framkvæmdar á kerfsbundinn hátt og eru stundaðar með vitneskju og leyfi yfirvalda í Kína. Þá bera sumir háttsettir embættismenn beina ábyrgð á þeim kerfisbundna líffærastuldi³⁰.

Aðferðafræði Matas og Kilgour ásamt sönnunarmati sem leiddi til þessarar afdráttarlausu niðurstöðu er útskýrð til hlítar í lið, D³¹, E³² og F³³ í skýrslu þeirra. Sannanir margvíslegar og frá ýmsum vinklum. Til að nefna örfá atriði þá má vísa í hin ýmsu símtöl í fjölda sjúkrahúsa og til embættismanna (með hjálp túlks) sem taldir voru vita af þessu fyríkomulagi. Margir þeirra svöruðu því til að líffærin kæmu úr Falun Gong iðkendum.³⁴

²⁷ <http://www.winnipegfreepress.com/local/crusader-up-for-nobel-prize-84838397.html>

²⁸ <http://www.uwinnipeg.ca/index/hrsj-bio-matas>

²⁹ <http://www.david-kilgour.com/bio.php>

³⁰ http://organharvestinvestigation.net/report0701/report20070131.htm#_Toc160145147

³¹ http://organharvestinvestigation.net/report0701/report20070131.htm#_Toc160145107

³² http://organharvestinvestigation.net/report0701/report20070131.htm#_Toc160145108

³³ http://organharvestinvestigation.net/report0701/report20070131.htm#_Toc160145109

³⁴ , , Caller: I want to know how long [the patients] have to wait [for a liver transplant].

Dr. Dai: The supply of organs we have, we have every day. We do them every day.

Caller: We want fresh, alive ones.

Dr. Dai: They are all alive, all alive...

Caller: I heard some come from those who practise Falun Gong, those who are very healthy.

Dr. Dai: Yes, we have. I can't talk clearly to you over the phone.

Caller: If you can find me this type, I am coming very soon.

Dr. Dai: It's ok. Please come."

David Matas, Esq og Hon. David Kilgour, Esq. BLOODY HARVEST Revised Report into Allegations of Organ Harvesting of Falun Gong Practitioners in China, Appendix 14. Transcript of Telephone Investigations. 2007. Tekið frá:

Þá hefur fyrrverandi eiginkona læknis í Kína sömuleiðis jatað í viðtali við David Kilgour í Bandaríkjunum að eiginmaður hennar hafi framkvæmt aðgerðir á Falun Gong iðkendum til að fjarlægja hornhimnur sem síðan voru seldar.³⁵ Lýsingar iðkenda á pyndingum sem þeir hafa þurft að þola hafa iðulega falið í sér að tekið var úr þeim blóðsýni.

Frekari samantekt á Matas-Kilgour rannsókninni, þar sem m.a. kemur fram hin gríðarmikla aukning líffærasölu í Kína eftir að ofsóknir á hendur Falun Gong iðkendum hófust er að finna í Viðauka I. Þar er m.a. vitnað í heimildir kínverskra yfirvalda sem sýna að að frá árunum 1994-1999 voru framkvæmdar 18,500 líffæraígræðslur en 60.000 frá árunum 2000-2005.

http://organharvestinvestigation.net/report0701/report20070131.htm#_Toc158023107

³⁵ „**Kilgour:** Your ex-husband started to take organs from Falun Gong practitioners starting from when?

Annie: At the end of 2001, he started to operate, but he didn't know these live bodies were Falun Gong practitioners. He got to know that in 2002.

[...]

Kilgour: Were these people alive or dead?

Annie: Usually these Falun Gong practitioners were injected with a shot to cause heart failure. During the process these people would be pushed into operation rooms to have their organs removed. On the surface the heart stopped beating, but the brain was still functioning, because of that shot.

[...]

Kilgour: So he would take corneas of these people, then what happened to these people?

Annie: These people were pushed to other operation rooms for removals of heart, liver, kidneys, etc. During one operation when he collaborated with other doctors, he learned they were Falun Gong practitioners, that their organs were removed while alive, and that it was not just cornea removal – they were removing many organs.

Kilgour: They did it in different rooms, didn't they?

Annie: In the later period of time, when these doctors cooperated together, they started doing the operations together. At the beginning, fearing information could leak out, different organs were removed by different doctors in different rooms. Later on, when they got money, they were no longer afraid anymore. They started to remove the organs together.-

http://organharvestinvestigation.net/report0701/report20070131.htm#_Toc158023111

Ofsóknir Falun Gong iðkenda hófust árið 1999 og tala fanga sem teknir voru af lífi hefur ekki breyst skv. yfiröldum og er aukningin því algjörlega óútskýrð, sbr. spurningar *Special Rapporteur on torture* og *Special Rapporteur on religious freedom* frá SP á bls. 8. Þá er biðtími eftir líffæri óeðlilega stuttur, allt frá nokkrum dögum í nokkrar vikur.³⁶

Í kjölfar þessarar rannsóknar Matas og Kilgour hafa læknasamtökin *Doctors Against Forced Organ Harvesting*³⁷ safnað 447,498 undirskriftum (talan var fengin 1. okt. árið 2013) sem er beint til SP þar sem líffærastuldir úr Falun gong iðkendum í Kína eru fordæmdir og *Human Rights High Commissioner* er hvattur til að hefja frekari rannsókn sem upplýsir hverjir það eru sem ábyrgð beri á tédum líffærastuldum og hann krefjst þess að stjórn Alþýðulýðveldisins Kína hætti ofsóknum sínum á hendur Falun Gong iðkendum.³⁸

Lýsingar sem undirritaður hlýddi á persónulega

Hér rekur undirritaður lýsingar sex Falun Gong iðkenda sem undirritaður talaði persónulega við í gegnum netið þann 7. nóv. s.l. með hjálp túlks. Þau eiga það öll sameiginlegt að búa í Evrópu í dag en hafa þurft að sæta margvíslegum pyndingum stjórnvalda Alþýðulýðveldisins Kína áður en þau flúðu. Þessir einstaklingar mundu allir eftir því að tekið hafi verið úr þeim blóðsýni á meðan þeir voru í haldi.

Undirritaður punktaði hjá sér lýsingar þessa sérstaklega fyrir þessa umsögn. Einn var sleginn svo fast að hann missti heyrn og gefið raflost á viðkvæma staði líkams, t.a.m. á andlituð. Sum látnir beygja sig niður á hækjum sér með hendur teygðar fyrir aftan bak einhvern veginn, klukkutímum saman þannig að það var óbærilega sárt og þau urðu að standa upp. Þau vissu hins vegar að verðir voru með glóandi sigarettu stubba yfir höndum þeirra þannig að þegar þau stóðu upp brenndu þau sig á glóðinni. Það var svo sársaukafullt til lengri tíma að sitja á þennan hátt að þau völdu oft á tíðum sigarettubrunann sjálf viljug. Í þrælkunarbúðum þurfti einn að bera mjög þunga steina í 16 tíma á dag og var neitað um svefn. Á aðra konu var sigað illa höldnum eiturlyfjafíklum sem gengu í skrokk á henni. Hún var bundin við staur og bundin við rúm vikum saman og teygt á líkamanum á meðan opnað var út í kuldann. Fætur eins iðkanda voru þvingaðir í sundur á það hrottafenginn hátt að gera varð síðar tvær aðgerðir á fótleggjunum hans og skipta um lærlegg, en hann hefur ekki náð bata. Þá voru sumir látnir sitja á pínulitum óþægilegum stólum og horfa róg um iðkunina þeirra í 16 tíma samfellt á sólarhring stundum lengur. Meðan á pyndingum stóð voru sumir niðurlægðir með spegli, þar sem þeir voru svo illa á sig komnir og fangaverðir gerðu lítið úr þeim og hlógu. Þá fóru nokkrir af iðkendunum á einhverjum tímamarki í hungurverkfall og var í framhaldinu sprautað upp í þau mat með slöngu í gegnum munninn. Stundum gerðist það að sprautað

³⁶Sjá frekar í viðauka I

³⁷<http://www.dafoh.org/>

³⁸<http://www.dafoh.org/petition-to-the-united-nations/>

var ælum og þvagi upp í þau. Einn iðkandinn var sprautaður (e. forced fed) með áfengi því fangaverðirnir vita að iðkendur drekka ekki áfengi. Hann kastaði upp margsinnis. Sérhver þessara einstaklinga höfðu verið bundin við járnstól í óþægilegri stellingu á einhverjum tímavarki með þeim hætti að það tók að blæða úr fótleggjum og þeir þurftu að sitja í storknuðu blóði sínu allan daginn. Þau tóku öll eftir því að að fangaverðir og starfsfólk tóku aðeins blóðsýni úr Falun Gong iðkendum.

Pyndingaáferðunum á hendur Falun Gong iðkendum eru gerð greinargóð skil í Viðauka III sem fylgir með þessari umsögn.

Þagnarskylduákvæði 59. gr. getur tekið til allra upplýsinga

Í engum fríverslunarsamningum sem EFTA hefur gert er að finna sambærilegt ákvæði. Hér er um að ræða að skýlaust samþykki þurfi að liggja fyrir (hjá þeim aðila sem veitir upplýsingarnar) áður en aðgangur er veittur að tiltektum gögnum með jafn rúmri skilgreiningu og raun ber vitni („allar upplýsingar [...] í tengslum við innflutning, útflutning ... og í öðrum skyldum málum“). Ekki er farið fram á að þau gögn sem trúnaður eigi að gilda um séu merkt sérstaklega til að þagnarskyldu ákvæðið geti átt við.

Eina undantekning EFTA varðandi svipaða þagnarskyldu er samningur við Hong Kong, heimild þess ákvæðis er þó ekki eins rúm (og liggur fyrir í frumvarpi þessu) og upplýsingarnar þurfa að vera skilgreindar fyrir fram sem trúnaðargögn; vera merktar sem slíkar.

59. gr. Frumvarpsins hljóðar svo: „*Þagnarskylda.*“

Samningsaðilar skulu fara með allar upplýsingar, sem veittar eru í tengslum við innflutning, útflutning og í öðrum skyldum málum, sem trúnaðarmál og skal gilda um þær þagnarskylda í samræmi við landslög hvors samningsaðila um sig. Stjórnvöld samningsaðila skulu ekki veita þess háttar upplýsingar án skýlauss samþykkis þess aðila eða yfirvalds sem lætur þær í té.“

Erfitt er að segja með vissu yfir hvaða upplýsingar þagnarskylda þessi nær ekki. Hægt er að túlka allar upplýsingar sem veittar eru frá stjórn Alþýðulýðveldisins Kína og fyrirtækja sem upplýsingar sem flokkast undir þagnarskylduna. Þá má ímynda sér mál X sem er þó skylt

máli Y, þar sem Y er mál sem tengist, innflutnings- og útflutningsmálum. Mál X skv. núhljóðandi ákvæði má túlka á þann veg að það falli undir ákvæðið. Ákvæðið virðist geta átt við einfaldlega allar upplýsingar sem stjórn Alþýðulýðveldisins Kína veitir íslenskum stjórnvöldum.

Engin ástæða er til að hafa þessa sérstöku þagnarskyldu í þessu frumvarpi enda ættu íslensk lög nú þegar að fjalla um meðferð slíkra upplýsinga enda gera þau það. Sé hins vegar vilji Alþingis að hafa slíka þagnarskyldu þrátt fyrir önnur íslensk lög er full ástæða til að þrengja ákvæðið og tiltaka sérstaklega að undir þá grein falli ekki upplýsingar sem varði mannréttindabrot stjórnar Alþýðulýðveldisins Kína.

Hæstvirtur utanríkisráðherra, Gunnar Bragi Sveinsson, nefndi sérstaklega þær upplýsingar sem þessi grein á að taka til við fyrstu umræðu þingsins við meðferð frumvarpsins. Þar svarar hann spurningu Birgittu Jónsdóttur: „Ég vil bara koma einu atriði að af því að hér var spurt um 59. gr., þ.e. varðandi þagnarskylduna. Þar er fyrst og fremst átt við upplýsingar sem koma fram við tollafgreiðslu og slíkt, upplýsingar um einstök fyrirtæki. Um það snýst þessi þagnarskylda, í rauninni ekki neitt annað.“

Jafnvel þó hæstvirtur utanríkisráðherra sé framsögumaður frumvarpsins þá kom þessi afmörkun á þagnarskylduákvæðinu ekki fram í framsöguræðu hans og hefur því litla sem enga þýðinga sem lögskýringargagn á greininni sjálfri. Greinin sjálf er þó mjög afdráttarlaus og ólíklegt að slík afmörkun í framsöguræðu hefði skipt máli í þessu samhengi.

Ljóst er af orðum hæstvirts utanríkisráðherra að meiningin með ákvæðinu er allt önnur en ákvæðið segir. Auðveldlega er hægt að þrengja ákvæðið í samræmi við ummæli ráðherrans á þann veg að ákvæðið taki einungis til upplýsinga sem komi fram við tollafgreiðslu og á við um einstök fyrirtæki.

Í öllu falli getur enginn andmælt því að ákvæðið ætti alls ekki að varða upplýsingar um þau alvarlegu mannréttindabrot sem rakin hafa verið hér á undan. Þá er gott til að taka af allan vafa og einnig til að Ísland skýri sína afstöðu í garð mannréttindamála Kína að bætt verði við sérstöku ákvæði í þessari grein. Þar verði tiltekið að greinin eigi ekki við um upplýsingar sem varði mannréttindabrot stjórnar Alþýðulýðveldisins. Þar sem „líffærafræðileg“ (e.anatomical) „afurð“ á við um vörur sem fríverslunarsamningurinn fjallar um og í ljósi ákalls alþjóðasamfélagsins sem fordæmir líffærastuldi stjórnar Alþýðulýðveldisins Kína væri afar óheppilegt að sleppa slíkum varnagla að undir þagnarskylduna falli engar upplýsingar sem varði mannréttindabrot stjórnar Alþýðulýðveldisins Kína, þar á meðal líffærastuldi úr Falun Gong iðkendum. Legg ég því til að verði þessari grein haldið verði henni breytt á þennan hátt:

Samningsaðilar skulu fara með upplýsingar einstakra fyrirkæja, sem veittar eru í tengslum við innflutning, útflutning og sem komi fram við tollafgreiðslu og sem eru merktar sérstaklega sem trúnaðargögn sem trúnaðarmál og skal gilda um þær þagnarskylda í samræmi við landslög hvors samningsaðila um sig. Stjórnvöld samningsaðila skulu ekki veita þess háttar upplýsingar án samþykkis þess aðila sem lætur þær í té.

Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. 59. gr. nær þagnarskylda í engu tilfelli yfir upplýsingar sem varða, eða geta varðað samkvæmt skynsömu mati, mannréttindabrot í Alþýðulýðveldinu Kína, þ.m.t. líffærastuldi úr Falun Gong iðkendum eða upplýsingar sem varða þrælkunarbúðir eða upplýsingar sem geta gefið ástæðu til að ætla að vörur komi úr þrælkunarbúðum. Hvers konar upplýsingar um njósnir falla aldrei undir þagnarskyldu.

Falun Gong iðkunin

Þar sem ofsóknir Alþýðulýðveldisins í Kína á hendur Falun Gong iðkendum fela meðal annars í sér kerfisbundna áróðursherferð til að rægja iðkunina, telur undirritaður mikilvægt að gera iðkuninni örlítil skil í þessari umsögn. Ekki síst vegna þess að hann hefur reynt af henni sjálfur.

Falun Gong er hugleiðslu- og sjálfræktarkerfi með djúpar rætur í andlegum kínverskum hefðum eins og búddisma og daóisma. Falun Gong er skilgreind sem sérstök lífsskoðun sem er ekki hluti af búddatrú þó hún eigi rætur að rekja til hvorutveggja búdda- og daó skólans. Falun Gong iðkunin er öllum opin, án endurgjalds eða nokkurra kvaða og ekki er um að ræða skráðan hóp, félagatal, kirkju eða gjöld.³⁹

Eins og í fjölmörgum austurlenskum iðkunarkerfum, er markmið Falun Gong að finna innri visku og frið, þroska og bæta innri mann og skapgerð og taka með jafnaðargeði því sem að höndum ber. Í sögulegu samhengi er bæði hægt að líta á iðkunina sem qigong kerfi, þar sem tilgangurinn eru æfingar sem bæta heilsu og líðan eða sem sjálfsræktarkerfi (xiulian) þar sem tilgangurinn er andleg uppljómun sem felst í uppgötvun síðalögmála heimsins.⁴⁰

Grundvallargildi Falun Gong/Falun Dafa iðkunarinnar eru, sannleikur, kærleikur og þolgæði (Zhen, Shan, Ren á kínversku: 真、善、忍). Hugmyndafræðin gerir ráð fyrir því að þessi gildi séu á sama tíma grunneiginleikar alheimsins og þess vegna mikilvægustu viðmið lífsins og iðkunarinnar.⁴¹

Mikilvægt einkenni iðkunarinnar er efling síðvitundar í samræmi við skilning hvers og eins á grunngildunum sannleika, kærleika og þolgæði. Ekki er leyfilegt taka við greiðslu fyrir að


³⁹Zhao Yuezhi, Falun Gong, Identity, and the Struggle over Meaning Inside and Outside China, in "Contesting Media Power: Alternative Media in a Networked World," Nick Couldry and James Curran (ed.), (Lanham, MD: Rowman & Littlefield, 2003).

⁴⁰Penny, Benjamin "The Religion of Falun Gong," (University of Chicago Press, 2012)

⁴¹Li Hongzhi, Zhuan Falun, (New York, NY: The Universe Publishing Company, 1999).

kenna æfingarnar í neinu formi né breyta þeim og/eða hugmyndafræðinni (þ.m.t. að búa til pólitíska hreyfingu úr iðkuninni) Iðkendur eru friðsamir og taka hvorki líf annarra né beita ofbeldi jafnvel þótt á þá sé ráðist. Þeir leitast við að losa sig við fíknir og neikvæðar tilhneigingar eins og græðgi, afbrýðissemi og öfgamennsku og uppgötva hver og einn sína eigin leið með umrædd gildi að leiðarljósi.^{42,43}

Virðingarfyllst,
Hafþór Sævarsson



Handlangari smíðs,
stjórnarformaður Unseen ehf.,
Iaganemi HÍ,
einn stofnenda samtaka Falun Gong iðkenda á Íslandi.

⁴²Li Hongzhi, *Zhuan Falun*, (New York, NY: The Universe Publishing Company, 1999).

⁴³Omby, David. *Falun Gong and the Future of China*. bls. 93, 102.

kenna æfingarnar í neinu formi né breyta þeim og/eða hugmyndafræðinni (þ.m.t. að búa til pólitíska hreyfingu úr iðkuninni) Iðkendur eru friðsamir og taka hvorki líf annarra né beita ofbeldi jafnvel þótt á þá sé ráðist. Þeir leitast við að losa sig við fíknir og neikvæðar tilhneigingar eins og græðgi, afbrýðissemi og öfgamennsku og uppgötva hver og einn sína eigin leið með umrædd gildi að leiðarljósi.⁴²⁴³

Virðingarfyllt,
Hafþór Sævarsson

Handlangari smíðs,
stjórnarformaður Unseen ehf.,
Iaganemi HÍ,
einn stofnenda samtaka Falun Gong iðkenda á Íslandi.

⁴²Li Hongzhi, Zhuan Falun, (New York, NY: The Universe Publishing Company, 1999).


⁴³Ownby, David. Falun Gong and the Future of China, bls. 93, 102.

Viðauki I

Summary of Key Evidence on Organ Harvesting of Falun Gong practitioners in China

- **Short waiting time:** On the websites of China's organ transplant centers, they claim that a matching organ can be found within 2-4 weeks or even days¹²³. In other countries, it takes years. This implies that they have a huge bank of living people, from whom organs can be harvested at any time.

For kidney and liver, the waiting time in US is about 2-3 years, while in China 1-4 weeks



- **No effective organ donation system:** Due to traditional belief, most Chinese prefer to keep the body intact after death, so voluntary organ donation in China is rare. The Vice Minister of Health in China, Huang Jiefu, admitted repeatedly that most (90%+) of the organs China uses for transplant come from death-row prisoners.
- **Boom in organ transplant business matches the timeline of persecution of Falun Gong:** Chinese government statistics show that 18,500 organ transplants were performed in China between 1994 and 1999, and 60,000 organ transplants between 2000-2005⁴. (In 2006, the China

¹ Average waiting time for a liver in *Oriental Organ Transplant Center in Tianjin* is 2 weeks. <http://web.archive.org/web/20060207021805/http://www.ootc.net/>

² Average waiting time for a liver in *Organ Transplant Institute of the People's Liberation Army in Shanghai* is 1 week. <http://web.archive.org/web/20050210151434/www.transorgan.com/apply.asp>


³ Waiting time for a liver or kidney in *China International Transplantation Network Assistance Center* is 1-4 weeks. <http://web.archive.org/web/20041023183012/zoukiishoku.com/cn/jueding/index.htm>

⁴ David Matas & David Kilgour, "Bloody Harvest: Revised Report into Allegations of


Daily⁵ reported 20,000 transplants per year in China.) But there wasn't any increase in the number of executed prisoners in China between these two six-year periods. The huge increase in organ transplants occurred not long after the persecution of Falun Gong began in 1999.

- **Boom in organ transplant business matches the timeline of persecution of Falun Gong:** From 1999 to 2006, the number of transplant centers increased by 300% from 150 to 600 centers⁶ in China. Such an expansion in the infrastructure suggests confidence in a plentiful supply of organs into the future, even without a public organ donation program. Death row sentences might not explain such confidence, but the Laogai system with hundreds of thousands of incarcerated Falun Gong practitioners would certainly foster such confidence in an 'endless' supply.

Example 1: Number of completed liver transplant surgeries published on the website of *Tianjin Oriental Organ Transplant Center* in 2004⁷. The center claimed its quantity was No. 1 in the world.



Example 2: Number of completed liver transplant surgeries published on the website of the No. 2 Hospital of the Second Military Medical University⁸



The number of transplants increases while the number of executions decreases. While math

Organ Harvesting of Falun Gong Practitioners in China", Jan. 31, 2007
<http://organharvestinvestigation.net/report0701/report20070131.htm#Toc160145139>

⁵ http://www.chinadaily.com.cn/china/2006-05/05/content_582847.htm

⁶ Bing-Yi Shi, Li-Ping Chen, "Regulation of Organ Transplantation in China: Difficult Exploration and Slow Advance", *The Journal of the American Medical Association*, July 27, 2011 <http://jama.jamanetwork.com/article.aspx?articleid=1104134>


⁷ <http://web.archive.org/web/20060207021805/http://www.ootc.net/>

⁸ http://web.archive.org/web/20050317130117/http://www.transorgan.com/about_g_intro.asp


doesn't add up, Falun Gong factor perfectly explained the trend. The following is a descriptive graph using data from publication in *The Lancet* 2008 by Jiefu Huang⁹, former Deputy Minister of Public Health of China, and interviews on Chinese media given by Bing-Yi Shi¹⁰, director of the *Organ Transplant Center of PLA* (People's Liberation Army). The number of 20,000 transplants per year is also confirmed by *China Daily*¹² article on May 5, 2006. (Note: Organ harvesting from Falun Gong practitioners was first exposed in 2006. Exposure may have led the Chinese regime to become more restrained or to simply manipulate the numbers it was reporting after 2006.)

Death Row

Estimated number of executions in China



Source: Dui Hua Foundation
The Wall Street Journal



- **Phone recording:** Investigators called China's hospitals to inquire about potential organ transplant for sick relatives. Some bold and greedy doctors in quite a few hospitals admitted that they have organs from Falun Gong practitioners, and these organs are healthier (than those from criminals)¹³.
- **Suspicious physical examination:** Many Falun Gong practitioners were administered costly blood tests and physical examinations while in labor camps or prisons. These tests were not given for the

⁹ Huang J, Mao Y, Millis JM. "Government policy and organ transplantation in China", *Lancet*. 2008 Dec 6;372(9654):1937-8.
<http://www.ncbi.nlm.nih.gov/pubmed/18930537>

¹⁰ Peng Wang, "High Standard for Organ Transplantation", *Health News*, March 2, 2006,
<http://web.archive.org/web/20060826070646/http://www.transplantation.org.cn/html/2006-03/394.html>

¹¹ You Xu, "Donor shortage is a bottleneck restricting the organ transplant", *ScienceNet*, June 15, 2007, <http://paper.sciencenet.cn/html/showsbnews1.aspx?id=182075>

¹² Zhang Feng, "New rule to regulate organ transplants", *China Daily*, May 5, 2006,
http://www.chinadaily.com.cn/china/2006-05/05/content_582847.htm

¹³ David Matas & David Kilgour, "Bloody Harvest: Revised Report into Allegations of Organ Harvesting of Falun Gong Practitioners in China", Jan. 31, 2007
<http://organharvestinvestigation.net/>

benefit of their health, as they were often severely tortured, but rather for assessing their candidacy and building a database for organ harvesting.

- **Extreme policies:** The former head of the Communist regime Jiang Zemin issued the genocidal directives of “ruin their reputations, cut off their financial resources, and destroy them physically”, “no means are too excessive to exterminate Falun Gong”, and “beating [Falun Gong people] to death is counted as suicide” in 2001. These extreme policies make Falun Gong the most vulnerable group to vicious abuses and forced organ harvesting.

Viđauki II

Summary of International Responses to Organ Harvesting in China

1. The United Nations

After finding Matas & Kilgour report on organ harvesting of Falun Gong practitioners convincing, UN Special Rapporteur on torture and Special Rapporteur on religious freedom jointly sent a request in August 2006 and again in 2008 to the Chinese government to ask them to explain the source of extra organs because the significant increase in organ transplant operations coincided with the beginning of the persecution of Falun Gong. They received no response from the Chinese government.

2. Israel Transplant Law - Organ Transplant Act, 2008

Israel was unique in that transplant tourism patients obtained almost full reimbursement from insurance companies or sick funds before this law was enacted.

According to Dr. Jacob Lavee: "The law (Organ Transplant Act passed in 2008) defines precisely the circumstances of organ trade and trafficking and declares the buying, selling or brokerage in organs as a criminal offence punishable by three years in jail together with a large fine, whether performed within or outside Israel. It clearly bans the reimbursement of organ transplantation anywhere outside of Israel if the procurement of the organ and its transplantation has been performed contrary to the law of that country and if stipulations of the Israeli law regarding organ trade are contravened.

Orders banning insurance companies and sick funds from reimbursing illegal transplant tourism went into effect shortly after the new law has been enacted, which brought transplant tourism of Israeli patients to illegal venues where organ trade took place to a halt. Thus, for example, the traveling of Israeli patients to China has stopped completely ever since." (See appendix for the full text)

3. Taiwan Legislation

On November 22, 2012, the Taiwanese Legislative Yuan Voted for Budget Resolution Concerning Medical Organ Transplantation, which is legally binding for the Department of Health.

The Department of Health will require major medical institutions and physicians to register the country of all organ sourcing and the hospital information (including surgeon identification) where patients received their organ transplants abroad when they apply for postoperative health insurance payments after returning home. (See appendix for the full text)

4. Law in Spain

The new Criminal Code passed in November 2009 includes the illegal trafficking of human organs as a felony. The new Criminal Code establishes penalties of up to twelve years in prison for people who encourage, promote, facilitate or advertise the procurement of illegal human organs trafficking. (See appendix for the full text)

5. Australian Senate Motion

The Australian Senate unanimously passed a motion on March 21, 2013 urging the government to “support the UN and Council of Europe initiatives to oppose the practice of organ harvesting.”

The motion specifically mentioned: “the United States of America (US), from June 2011, has included on its online non-immigrant visa application Form DS-160 the question, 'Have you ever been directly involved in the coercive transplantation of human organs or bodily tissues?’” (See appendix for the full text)

6. Australian Hospitals Bar Training Chinese Transplant Surgeons

According to Australian Associated Press in December 2006: “Queensland's two major organ transplant hospitals have banned training Chinese surgeons because of concerns that China takes organs from executed prisoners.

Health Minister Stephen Robertson revealed the move in a letter tabled in parliament this week in response to a petition supporting the Falun Gong spiritual movement.” (See appendix for the full article)

7. The policy of the World Medical Association includes now a paragraph that organ donation from prisoners is not acceptable in countries where the death penalty is practiced

WMA Statement on Organ and Tissue Donation

<http://www.wma.net/en/30publications/10policies/o3/>

Adopted by the 63rd WMA General Assembly, Bangkok, Thailand, October 2012

“In jurisdictions where the death penalty is practised, executed prisoners must not be considered as organ and/or tissue donors. While there may be individual cases where prisoners are acting voluntarily and free from pressure, it is impossible to put in place adequate safeguards to protect against coercion in all cases.”

Appendix

Israel:

Opinion Article "Saving Lives Locally" from Dr. Jacob Lavee:
<http://www.ynetnews.com/articles/0,7340,L4295852,00.html>

The original texts of Organ Transplant Act, 2008:
http://www.declarationofistanbul.org/index.php?option=com_content&view=article&id=267:israel-transplant-law-organ-transplant-act-2008&catid=83:legislation&Itemid=130

Full texts attached.

Taiwan Legislation

Translation:
<http://www.dafoh.org/taiwan-reacts-to-unethical-organ-harvesting-in-china/>

On November 22, 2012, the Taiwanese Legislative Yuan Voted for Budget Resolution Concerning Medical Organ Transplantation, which is legally binding for the Department of Health.

